

Borgarráð 25. ágúst 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um langtímastæði fyrir hjólhýsa- og húsbílabyggð MSS22080175

Borgarráð samþykkir að útvega langtímastæði í borgarlandinu fyrir íbúa sem búa í hjólhýsum og húsbílum. Unnið verði með íbúum sem nú búa í langtímastæðum á tjaldsvæðinu í Laugardal til að finna svæði sem hentar þörfum íbúanna. Sviðsstjóra íþrótt- og tómstundasviðs verði falið að halda utan um vinnuna við að finna langtímastæði í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið og velferðarsvið.

Greinargerð:

Þann 9. júlí 2022 sendu íbúar á langtímastæðum á tjaldsvæðinu í Laugardal, Reykjavíkurborg erindi. Þar er þess farið á leit við Farfugla og Reykjavíkurborg að reynt verði að finna leiðir til að tryggja áframhaldandi viðveru íbúanna á tjaldsvæðinu í sumar og að rætt verði um framhaldið og framtíðina fyrir langtímastæði.

Íbúar hafa lengi þrýst á að leitað verði að langtímalausn og mikilvægt að henni verði komið á til að eyða óvissunni sem íbúar finna fyrir varðandi framtíðina. Samkvæmt svari við fyrirspurn Sósíalístaflokks Íslands, dagsett 22. júní 2022 kom fram að 12 einstaklingar væru á langtímasvæðinu. Í svarbréfinu um stöðu mála, var farið yfir kostnað vegna framkvæmda við að koma upp langtímasvæði. Þar kom fram að svæðið sem hafi verið skoðað sérstaklega gæti kostað 60-100 m.kr. að gera starfhæft. Nefnt er að e.t.v. væri hagkvæmara að koma langtímastæðum fyrir á efri hluta tjaldsvæðisins í Laugardal.

Bent hefur verið á ýmsa staði í borgarlandinu sem geta hentað sem fyrir dvöl þeirra sem búa í hjólhýsum og húsbílum en mikilvægt er að hún sé nálægt samgöngum og annarri þjónustu.